

Gæði í vinnu og rannsóknum með krabbameinslyf.

Krabbameinslyfjafræði fæst við innkaup, blöndun, meðhöndlun og örugga dreyfingu á krabbameinslyfjum og stuðningslyfjum til krabbameinssjúklinga svo og upplýsingagjöf, fræðslu og rannsóknir til að tryggja gæði og öryggi við lyfjameðferðir.

Bilið milli virkni og aukaverkana í krabbameinslyfja er gjarna lítið og lyfjameðferðin flókin. Sjúklingar eru oft ónæmisbældir, ýmist vegan sjúkdómsins eða lyfjameðferðarinnar auk þess geta þeir þjáðst af ýmsum fylgikvillum. Lyfjameðferð með hefðbundnum krabbameinslyfjum sem og meðferðir með nýrri lyfjum hafa í för með sér ýmis konar aukaverkanir. Þetta kallar á stuðningsmeðferðir og eftirlit sérfræðinga sem fara eftir fyrirfram ákveðnum leiðbeiningum. Göngudeildarsjúklingar þarfnast utanumhalds og leiðbeininga um hvernig þeir eigi að taka lyfin sín og hvernig þeir eigi að bregðast við þeim vandamálum sem upp geta komið í tegslum við þau.



Innkaup lyfja

Innkaup krabbameinslyfja og annarar vöru sem notuð er í krabbameinslyfjameðferð krefst þekkingar á mikilvægi öryggis og gæða í lyfjameðferðum. Alla áhættu í sambandi við fölsuð lyf, ranga meðhöndlun og vöruskort verður að minnka eins og hægt er. Vöru verður að innkalla strax ef í ljós kemur að hún fullnægir ekki þeim kröfum sem til hennar eru gerðar. Seinkun á afhendingu lyfja verður aðbregðastvið í samráði við lækni ábyrgan fyrir meðferð viðkomandi sjúklings. Þar sem nauðsynlegt er að reiða sig á innflutning, verða lyfjafræðingar að vera í stakk búnir til að velja örugga byrgja. Það mikilvægt að nota ekki vafasöm lyf til að spara en þó er nauðsynlegt að gæta hagkvæmni. Val lyfs og meðferðarlengd verður alltaf að vera í samræmi við framgang sjúkdómsins. Þessir þættir og margir aðrir leika stórt hlutverk í lyfjahagfræðilegu mati.

Decided by the ESOP Delegate Meeting, Krakow, June 26th 2014



European Society of Oncology Pharmacy (ESOP)

Veritaskai 6 · D-21079 Hamburg

Phone: +49 40 / 790 33 56 · Facsimile: +49 40 / 791 43 601

Homepage: www.esop.eu · e-mail: [memberships\[at\]esop\[dot\]li](mailto:memberships@esop.eu)

Framleiðsla – lyfjablöndun

Krabbameinslyf sem eru ranglega tekin til, merkt, geymd við óviðunandi aðstæður eða menguð af örverum geta valdið því að meðferðin gagnast sjúklingnum ekki eða hún getur jafnvel skaðað hann. Hlutverk krabbameinslyfjafræði er að tryggja allt ferlið frá því að lyfjafyrirmæli berast uns lyfjablandan er send til gjafar, sé öruggt og vel skipulagt

Hún felur m. a. í sér stöðlun lyfjaávisana, mat á trúverðugleika, val hjálparefna, eftirlit með blöndunaraðstöðu, blönduninni sjálfri, merkingum, flutningi og geymslu. Skammtar krabbameinslyfja eru mjög mismunandi eftir geiningu sjúkdóms. Mat (eftirlit) lyfjafræðings á skömmtum með tilliti til klínískra gagna og greiningu sjúkdóms skiptir því miklu máli í öryggi lyfjagjafarinnar. Sé eitthvað óljóst varðandi lyfjaávisun þá er það strax rætt við viðkomandi lækni. Sé þess þörf eru lækni eða sjúklingi veittar nægar ráðleggingar til að tryggja örugga notkun lyfsins. Blöndun innrennslyfja að viðhafðri smitgát krefst þess að öllum reglum sé fylgt til að koma í veg fyrir örverumengun, (því ekki er hægt að sæfa lyfjablönduna fyrir notkun). Krabbameinslyfjafræðingur hefur það verkefni að tryggja örugga framleiðslu og á réttum tíma. Þegar lyfið er afgreitt verður hann að tryggja að það sé rétt merkt og flutningur þess til sjúklingsins skerði ekki gæði.

Upplýsingagjöf og ráðleggingar

Það er ekki einungis ætlast til að lyfjafræðingar veiti upplýsingar og leiðbeiningar um rétta gjöf eða notkun krabbameinslyfja. Upplýsingar verða einnig að taka til hvers konar milliverkana við önnur krabbameinslyf, stuðnings meðala og lausasólulyfja eða mataræði. Öll lyf auk fleiri efna geta haft áhrif á lyfjameðferðina eða valdið aukaverkunum og geta haft áhrif á krabbameinslyfjameðferð. Því er upplýsingagjöf og lyfjafræðileg aðstoð mikilvægur þáttur í meðferðarárangri. Fullnægjandi ráðgjöf þar sem læknir og lyfjafræðingur vinna saman að því að tryggja öryggi í lyfjameðferð er í þágu krabbameinssjúklingsins. Aukin meðferðarhaldni næst best með þverfaglegri teymisvinnu við lyfjagjöf þar sem þáttaka lyfjafræðings skiptir alltaf miklu máli.

Notkun upplýsingatækni.

Notkun upplýsingatækni í tölfræði, lyfjaávisunum, prófunum, lyfjablöndun, skráningu og reikningagerð getur hjálpað til við að auka meðferðaröryggi. Mikilvægur þáttur í því er val á réttum forritum í ljósi krafna á hverjum stað, ferils og markmiða. Krabbameinslyfjafræðingar taka mjög vikan þátt í ferlum tölvukerfa og þekkja rétta

meðhöndlun og meðferð lyfja, því eru þeir í lykilhutverki í samvinnu við klínískar deildir og stjórnendur við val á viðeigandi, öruggu og notendavænu tölvukerfi.

Gæðastjórnun og leiðbeiningar

Gagnreynd reikniforrit og leiðbeiningar eru nauðsynlegur þáttur í gæðastjórnun við notkun krabbameinslyfja og stuðningsmeðferðar. Krabbameinslyfjafræðingar leggja til sér færðipækkingu í gerð leiðbeininga fyrir lækna og sjúkrahús þar sem þeir starfa. Þátttaka þeirra í þveg faglegri vinnu felst ma í því að taka þátt í teymisfundum og gæða verkefnum. Þeir taka einnig þátt í eftirliti með sjúklingum, lyfjafræðilegri íhlutun í samstarfi við aðrar heilbrigðisstéttir (td við stofugang og skoðun ransóknargagna sjúklings (sjúkraskrár). Krabbameinslyfjafræðingar eru einnig þátttakendur í innleiðingu, eftirliti og þróun gæðakerfa í þeirra eigin starfsumhverfi.

Endurmenntun

Samhæfð upplýsingagjöf og markviss menntun er nauðsynleg til að tryggja rétta notkun lyfja. Þetta á við þegar hugað er um öryggi sjúklunga

og starfsfólks sem þarf að fast við lyf sem hugsanlega geta verið hættuleg ekki síður en þegar verið er að tryggja að réttur sjúklingur fái rétt lyf á réttum tíma. Sem sérfræðingum í lyfjagjöfum, ber lyfjafræðingum skylda til að búa til og bjóða fræðslu fyrir sjúklinga um rétta notkun lyfja en einnig fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga.

Símenntun og stöðug þróun í starfi, rétt eins og sérhæfing í ákveðnum þáttum leggur grunninn að þjónustu sérfræðinga á sviði krabbameinslyfjafræði. Rétt eins mikilvæg og almenn símenntun fyrir krabbameinslyfjafræðinga er símenntun ekki síður mikilvæg fyrir annað heilbrigðisstarfsfólk sem þeir vinna með svo sem lyfjatækna. Endurmenntun og kerfi til starfsþróunar eiga að vera til staðar

Rannsóknir og vísindi

Gögnum sem krabbameinslyfjafræðingar afla í vinnu sinni er hægt að nota til að styðja við rannsóknir, hraða ferlum og greina sem besta nýtingu lyfja. Á þennan hátt geta krabbameinslyfjafræðingar lagt sitt af mörkum til rannsókna í heilbrigðiskerfinu.